

Fundur miðvikudaginn 8. febrúar 2017 í Setbergsskóla Hafnarfirði

Ingibjörg Einarsdóttir formaður setti fundinn, kveikti á kertunum og minntist vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

María Pálmadóttir færði okkur kæra kveðju frá Eygló landssambandsforseta og tók síðan manntal, óvenjufámennt var á okkar mælikvarða en 18 konur deildarinnar **mættu**: Anh-Dao Tran, Björg Eiríksdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Guðný Helgadóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir (skólastjóri), Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Að því loknu las Edda fundargerð síðasta fundar.

Það kom fram í máli Ingibjargar formanns að enginn félagsmaður innan okkar deildar hefur boðið sig fram til starfs í stjórn landssambands og uppstillingarnefnd. Stjórnin fór þess á leit við Helgu G. Halldórsdóttur að bjóða sig fram og tók hún vel í það.

Guðný Helgadóttir sagði frá því að afmælisnefnd hefur fundað og liggja fyrir fyrstu drög afmælishátíðarinnar 1. júní nk. sem verður í Golfskála Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar í Vetrarmýri.

Orð til umhugsunar að þessu sinni voru orð kvenna af öllum aldri úr dagbókinni Konur eiga orðið allan ársins hring. Hver og ein fékk hugleiðingu sem hún las upp.

Helga Thorlacius bauð velkomna og kynnti fyrirlesara kvöldsins Renötu Emilsson Peskova frá Tékklandi, hún er kennari og doktorsnemi ásamt því að vera formaður Móðurmáls samtaka um tvítyngi.

Fyrirlestur hennar bar yfirskriftina *Tvítyngi og samfélag – who is afraid of languages?*

Hún byrjaði á því að kynna tilgang samtakanna sem er margþættur og felst í því:

- að kenna börum þeirra móðurmál,
- að styðja við móðurmálshópa og móðurmálskennara,
- að hvetja foreldra sem eiga tvítyngd börn til að veita þeim tækifæri til móðurmáls- og menningarnáms

Einnig er tilgangur samtakanna að stuðla að:

- *fræðslu fyrir foreldra, stofnanir og almenning*
- *endurmenntun fyrir móðurmálskennara*
- *samstarfi*
- *útgáfu.*

Renata lagði áherslu á að það að byggja upp grunn á móðurmáli er ekki sjálfgefin þekking og nauðsynlegt að foreldrar viti mikilvægi þess. Um 100 kennarar eru virkir innan samtakanna og nauðsynlegt að bjóða þeim m.a. upp á fræðslu, ráðstefnur, kennsluaðferðir sem henta börnum svo eitthvað sé nefnt. Hún nefndi að móðurmálskennslan er ekki hluti af frístund og ekki hluti af skóla og það eigi alveg eftir að byggja brú frá skóla og líka frá heimilum og því sé samtarf lykilatriði. Hennar ósk er að sjá móðurmálskennslu meira innan skólans á skólatíma.

Starf samtakanna er sjálfbóðastarf og eru 1000 börn í móðurmálskennslu. Hver tungumálahópur er sjálfstæður. Sumir hópar eru sjálfbærir en aðrir lognast út af yfirleitt vegna þess að einn einstaklingur hefur kennsluna á sínum herðum. Um 100 tungumál eru töluð meðal barna á Íslandi og í vetur eru rúmlega 20 móðurmálhópar virkir á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og í fjarkennslu sem er ný til komin. Mikill vilji er til þess að bjóða upp á þjónustu við börn utan þjónustusvæðisins og á fjarkennslan vonandi eftir að þróast og styrkjast.

Renata sagði jafnframt frá rannsókn sem hún gerði meðal 30 móðurmálskennara sumarið 2015 um móðurmálkennslu í félagslegu og fræðilegu samhengi. Markmið rannsóknarinnar var:

- að lýsa reynslu móðurmálskennara og læra af henni
- að öðlast skilning á viðhorfum móðurmálskennara gagnvart móðurmálskennslu
- að setja móðurmálskennslu í víðara samhengi (skólakerfi, samfélagið)

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna móðurmálskennarar eru hollir sinni sjálfböðavinnu sem þeim finnst mjög mikilvæg fyrir fjöltýngd börn, fjölskyldur þeirra og samfélagið. Þá vantar þó viðurkenningu, tengingu við grunnskólakerfið, fjárhagslegan stuðning, kerfisbundinn stuðning og stuðning við uppbyggingu.

Sjálfbærni og gæði móðurmálskennslu fjöltyngdra barna á höfuðborgarsvæðinu er mjög mikilvæg fyrir fjölskyldur, líf barnanna og fjöltyngt samfélag í heild.

Sjálfbærni, gæði og tilvist móðurmálskennslu á höfuðborgarsvæðinu er háð einstökum sjálfboðakennurum sem eru sífellt í hættu að brenna út eða gefast upp vegna ólíkra ástæðna.

Einnig kynnti Renata tungumálakennningar Jim Cummins þar sem hann skiptir tileinkun tungumálsins í ákveðin þrep og að það að ná CALP eða cognitive academic language proficiency taki 5-7 ár, það að ná skólaorðaforða sem og sérhæfðum orðaforða. Það sem gerist mjög oft í grunnskóla er að nemendur með annað tungumál fá 1.-2. ára sérhæfða kennslu í íslensku sem fleytir þeim einungis á BICS – Basic stig Interpersonal Communication Skills, sem hjálpar með samskiptafærni, algengan orðaforða og framburð.

Renata hefur sjálf svo djúpan áhuga og skilning á málefnum að það var auðvelt að hrífast með. Hún leggur áherslu á að þetta sé ekki bara spurning um tungumálakennslu eða móðurmálskennslu heldur að einstaklingurinn nái valdi á virku tvítyngi. Tungumálin vinna saman og byggja upp þekkingu og færni sem verður til á báðum tungumálunum.

Í hennar huga er þetta spurning um jafnrétti og sjálfsmynd.

Hér hefur einungis verið gerð grein fyrir örlitum hluta af fyrirlestri Renötu og vonandi fáum við síðar að heyra meira frá doktorsverkefni hennar.

Ingibjörg formaður þakkaði fyrir að sið Gammakvenna og færði Renötu rós. Þá fékk María Pálmadóttir einnig rós fyrir að ljá okkur húsnæði skólans sem hún stýrir.

Þá var haldið með kertin þrjú upp á kennarastofu til að fá kvöldhressingu Hrefnu og Ingibjargar. Þar gekk listi til að skrifa sig í rútuna fyrir ársþingið á Akureyri í byrjun maí nk. Renata kom með á kennarastofuna og gafst félagskonum að spyrja Renötu spurninga og ræða meira um tvítyngi og kennslu.

Áður en Ingibjörg formaður sleit fundi og slökkti á kertunum þremur.

Sungum við lagið *Einu sinni var* eftir Kristján frá Djúpalæk.

Edda Pétursdóttir ritaði fundargerð.

